


Fiskirannsóknir 1993.

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, maí 199~~4~~ VMST-V/94008X



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Vesturlandsdeild

1. INNGANGUR.

Undanfarin ár hafa árlegar rannsóknir farið fram á seiðapéttleika laxaseiða í vatnakerfi Flekkudalsár. Tilgangur rannsókna er sem fyrr að fylgjast með breytingum á seiðapéttleika, styrkleika einstakra árganga og breytingum á vaxtarskilyrðum á einstökum svæðum vatnakerfisins. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að fylgjast með árangri sleppinga á sumaröldum laxaseiðum á efri hluta vatnasvæðisins. Hér er grein frá rannsóknum vegna ársins 1993.

Ennfremur er unnið úr niðurstöðum rannsókna á hreistursýnum sem safnað er úr stangveiðinni árlega og greint frá niðurstöðum vegna merktra laxa sem fundust í ánni.

2. AÐFERÐIR.

Árlega er veitt á sömu stöðum í ánni og þau veidd einu sinni með rafveiðitaki. Seiði eru talin, greind til tegunda og lengdarmæld. Þéttleiki er síðan umreiknaður á 100 fermetra botnflatar-mál. Vísað er til fyrri skýrslna um nánari upplýsingar.

Safnað var hreistri af stangveiddum lögum og jafnframt var gerð ítarleg leit að merktum lögum í afla stangveiðimanna. Söfnun sýna og merkjaleit hefur verið til fyrirmyndar af hálfu Veiðifélags Flekkudalsár.

Sjógönguseiðum hefur árlega verið sleppt í ána undanfarin ár til eflingar á laxgengd. Sumarið 1993 var sleppt um 30000 seiðum af stofni árinna, sem alin voru af eldisstöðinni að Kverngrjóti í Saurbæ. Um 2000 seiði voru örmerkt til að kanna árangur af sleppingunum og til athugunar á því hvort lax úr sleppingunum kemur fram í hafbeitarstöðvum. Merkingarnar voru kostaðar af Veiðimálastofnun. Seiðin voru aðlöguð í kerjum annars vegar neðan Hallstaða og hins vegar í Tunguá. Umhirðu var sinnt frá Hallstöðum og frá Stóru Tungu.

3. LAXVEIÐI

Verulegar sveiflur hafa átt sér stað í laxveiði á stöng í vatnakerfi Flekkudalsár á undanfórnum áratugum. Veiðin á áttunda áratugnum var almennt góð, en á þeim níunda var veiðin í verulegri lögð (1. Mynd). Árin 1991 - 1993 hefur veiðin aðeins hjarnað við og verið í kringum 250 laxa þessi ár, sem er nálægt meðalveiði árána 1974-1993. Mesta veiðin á þessu tímabili er 509 laxar, en minnst varð veiðin 129 laxar.

4. SEIÐAATHUGANIR.

Sumarið 1993 var einkum lögð áhersla á að kanna árangur sleppinga sumaralinna seiða á efri hluta Flekkudalsár og í Tunguá. Í Flekkudalsá var veitt efst við Hrútshamarsgil, á móts við Álfagil, Staðarbakka og neðst við Hallstaði. Í Tunguá var veitt efst við Stóragil og á neðan Galtartungu.

Á efri hluta Flekkudalsár ofan Hallstaða fram að Hrútshamarsgili reyndust sleppiseiði allsráðandi í aflanum (Tafla 1) og sveiflaðist þéttleikinn frá 6,7 - 11,2 seiði á 100 m². Þetta svæði er þannig smám saman að komast í ræktun og er vonandi að þess fari senn að gæta í meiri laxgengd er efri hluti Flekkudalsár sem hefur ágæt skilyrði til framleiðslu fer að koma inn í veiðina.

Í Tunguá reyndust sleppiseiðin enn fremur alls ráðandi í aflanum. Efst við Stóragil fannst ein slepping (1991), en á það svæði hefur aðeins einu sinni verið sleppt. Við Galtartungu fundust 3 sleppingar (1991-1993) og hefur seiðamagnið aukist mjög á þessu svæði eftir að farið var að sleppa á það.

Á undanfórnum árum hefur komið í ljós að seiðamagn Flekkudalsár er lítið á hverja flatareiningu miðað við nágrannaáranar t.d. Krossá. Ástæður þessa tengjast bæði hrygningarstofni sem sum árin hefur líklega verið of lítill, en enn fremur eru uppeldis-svæði víða slök. Hins vegar hafa stór svæði verið vannýtt t.d. Tunguá og efri hluti Flekkudalsár og hefur því fiskrækt með sumaröldum seiðum einkum verið beint markvisst á þau svæði.

5. HREISTURSRANNSÓKNIR.

Alls var unnt að lesa 182 hreistursýni eða sem samsvarar 73,6% veiðinnar í Flekkudalsá 1993. Þetta úrtak er því mjög marktækt fyrir laxveiðina.

Lax sem dvalið hafði 1. ár í sjó (smálax) reyndist 86,8% sýnanna, en stórlax 13,2 % sýnanna (Tafla 2). Áberandi var með sýnin af tveggja ára laxi úr sjó lax sem hafði hrygnt áður var algengari en á fyrri árum. Alls fundust 9 laxar, flest hrygnur sem voru að koma í annað sinn til hrygningar eða um 5% af heildarsýna-fjölda. Þessir laxar komu einkum fram í veiðinni í ágúst og september.

Meðalferskvatnsaldur var 2,92 ár (Tafla 2). Seiði sem dvalið höfðu 3 - 4 ár fyrir sjávargöngu voru algengust, en töluvert bar á 1 - 2 ára ferskvatnsdvöl, en þeir fiskar eru allir upprunnir úr sleppingum.

Skiptin lax eftir uppruna var sú að lax af náttúruklaki (Tafla 3) var 68,7% sýnanna, sem svarar til veiði á 170 löxum. Lax upprunnin úr sleppingum sumarlinna seiða var 13,2% sýnanna sem svarar til veiði á 33 löxum og lax upprunninn úr sleppingu sjógönguseiða var 18,1% sýnanna sem svarar til veiði á 45 löxum árið 1993. Lax af einhvers konar sleppiuppruna var því 31,3% veiðinnar 1993.

Ljóst er að hluti laxa sem var af eldisuppruna sem sjógönguseiði komu sem flækingar í ána, en það sást m.a. á því að merktir laxar veiddust í ánni annars staðar frá. Lestur hreistursýna getur hins vegar ekki gert greinarmun þar á milli. Ennfremur getur hlutdeild sumarlinna seiða verið vanmetin þar sem erfitt getur reynst að aðgreina slík seiði frá náttúruklaki árinna.

6. ÖRMERKTIR LAXAR.

Alls fundust 3 örmerktir laxar í Flekkudalsá 1993. Einn þeirra reyndist merkislaus. Hinir tveir voru upprunnir úr sleppingu í hafbeitarstöð Silfurlax í Hraunsfirði.

7. UMRÆÐUR.

Laxveiðin í Flekkudalsá hefur verið rýr undanfarin áratug. Ástæðurnar tengjast bæði erfiðum umhverfisskilyrðum bæði á landi og í sjó, líkindum á því að sum árin hafi hrygningarstofninn verið of lítill sem m.a. getur hafa leitt til þess að seiðaframleiðslan hafi verið og lítil. Hin síðustu ár hafa þau sjónarmið einnig komið fram að hafbeitarstöðin í Hraunsfirði sé völd að minnkun laxgengdar í Dalasýslu. Nú hefur verið hrundið af stað rannsóknarverkefni á vegum Veiðimálastofnunar sem ætlað er að svara þeirri spurningu.

Ráðgjöf hin síðustu ár hefur miðað við að auka seiðaframleiðsluna úr vatnakerfinu sem mest, enda eina aðferðin sem fær er. Í ljósi þessa er áfram mælt með sleppingum sumaralinna seiða á efri hluta Flekkudalsár og Tunguá og sleppingum 2000-3000 sjógönguseiða. Hvað varðar sleppingar sjógönguseiða er áriðandi að seiðin verði merkt þannig að enduheimtuprósentu liggi fyrir hverju sinni og eins hvort laxar úr Flekkudalsá komi fram á öðrum veiðistöðum.

TAFLA 1

Þéttleiki laxaseiða (Fjöldi á 100 m²) í vatnakerfi
Flekkudalsár 8. september 1993.

Veiðistaður	0+	1+	2+	3+	Alls
Flekkudalsá:					
Hrútsham.gil	-	5,7	-	1,0	6,7
Álfagil	0,6	1,8	5,2	3,6	11,2
Staðarbakki	1,9	-	5,4	-	7,3
Hallstaðir	2,4	6,9	1,7	-	11,0
Tunguá:					
Stóragil	-	-	8,0	-	8,0
Galtartunga	7,9	6,5	0,6	-	15,0

TAFLA 2.

Aldursdreifing og kynjahlutfall stangveiddra laxa
í Flekkudalsá 1993.


Aldur F.vatn	1. ár Hængar	1. ár Hrygn.	2. ár Hængar	2. ár Hrygn.	Fjöldi Alls	% Fj.
1	21	7	2	3	33	18,1
2	7	3	2	3	15	8,2
3	32	33	1	7	73	40,1
4	17	31	0	6	54	29,7
5	4	3	0	0	7	3,8
Alls	81	77	5	21	182	
% Fj.	44,5	42,3	2,7	11,5		100,0

TAFLA 3

Skipting laxa eftir uppruna samkvæmt greiningu
hreistursýna úr Flekkudalsa 1993.

Mánuður	Náttúrulax	Sumaralin seiði	Gönguseiði	Alls
Júlí	80	11	10	101
Ágúst	30	7	15	52
September	15	6	8	29
Alls	125	24	33	182
% Fjöldi	68,7	13,2	18,1	100,0

1. Mynd: Laxveiði á stöng í Flekkudalsá 1974-1993.



2. Mynd: Lengdardreifing og aldur laxaseiða á veiðistöðum í Flekkudalsá 12.09.1993.

